

Framleiðsla og sala

LEIDARI

Það er stöðugt viðfangsefni að fylgjast með þeim þáttum er hafa áhrif bæði á framleiðslu og sölu mjólkurvara. Sala á fitugrunni hefur verið að vaxa undanfarin ár og er söluaukning síðustu 12 mánaða um 5,5% en ef við skoðum þróunina frá áramótum er hún 3,4%. Það er að því virðist að hægja á vexti er þennan efnabátt varðar og júlí í ár var slakur með samdrátt uppá 6,8% en ágúst salan er nálægt áætlun. Ef við gefum okkur að vöxturinn verði 3,4% mun sala á fitugrunni verða 146,5 millj. lítra á árinu 2017.



Eins og innvigtun hefur verið síðustu tvo mánuði má gera ráð fyrir að framleiðsla verði á bilinu 2-3 %. umfram sölu á fitugrunni eða tveir til fjórir millj. lítra (sjá töflu og myndir). Sala á próteingrunni hefur verið að vaxa um 2,95 % á síðustu 12 mánuðum en einungis 0,4% frá áramótum, þannig að gapið á milli sölu á fitugrunni og próteingrunni er að stækka og gæti orðið 12 til 14 millj. lítra á árinu.

Aukning í sölu síðustu ára hefur verið á fitugrunni. Hefur það aðallega verið í formi smjörns sem er verðlagt mjög lágt af verðlagsnefnd en nú er svo komið að þrátt fyrir óhagstætt gengi er útflutningur **að skila meiru en sala innanlands enda smjörverð aldrei verið eins hátt á heimsmarkaði**. Svo mikið misvægi á milli efnabátta hefur mjög neikvæð áhrif á afkomu MS /Auðhumlu. En hvað skýrir þessa þróun í próteinsölu?

Aukinn innflutningur maí til og með júlí er ígildi 2.5 millj. lítra af mjólk (sjá myndir á næstu síðu). Stóraukið framboð er af allskyns próteinvörum og svo er það tilkoma Costco sem hefur á stuttum tíma haft veruleg áhrif á smásölumarkaðinn. Costco selur tiltölulega fá vörunúmer af framleiðslu MS og í sumum vöruflokkum er ekki boðið uppá íslenska vöru þótt hún gæti verið á sambærilegu verði.

Framleiðsla mjólkur bæði í júlí og ágúst er umfram væntingar en veðurfarir í sumar hefur verið einkar hagstætt til mjólkurframleiðslu. Ef innvigtun heldur áfram í sama takti og síðustu tvo mánuði verður óhjákvæmilegt **að hækka innvigtunargjald** þegar kemur fram á haustið og freista þannig að ná enn meira jafnvægi á milli sölu á fitugrunni og framleiðslu. Algjör núllstilling er óraunhæf og við verðum alltaf að hafa borð fyrir eftirspurnarbáru.

Eftir situr prótein, 12 til 14 millj. lítra sem illmögulegt er að selja nema með umtalsverðu tapi og megnið af þeirri framleiðslu er keypt á **fullu afurðastöðvaverði** eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd. Verð á undanrennufti er frekar lágt þó að það hafi hækkað frá því hvað það var lægst, en hér hefur gengið einnig verulega neikvæð áhrif.



Hverjar eru þá horfurnar fyrir næsta ár í framleiðslu? SAM hefur verið að vinna spálíkan og fyrir næsta ár gera drög að spá ráð fyrir að framleiðsla verði 151 til 152 millj. lítra árið 2018. Það þarf varla að taka fram að spá um þróun framleiðslu út þetta ár og næsta ár eða næstu 16 mánuði er háð mörgum óvissuþáttum. En þróun á þessu spálíkani er í fullum gangi og öryggi þess væntanlega eykst með tímanum eftir því sem gagnagrunnar styrkjast.

En hver verður salan, hvað kallar markaðurinn eftir? Ef við horfum fyrst á fituhlutann sem við áætluðum í ár að verði 146,5 millj. lítrar og gefum okkur að það verði jafnmikil aukning á næsta ári og í ár (3,4%) sem er langt undir þróun síðustu ára. Þá yrði heildarþörf 151,5 millj. lítra árið 2018 sem er **aukning um 5 millj. lítra eða meðalframleiðsla 20 kúabúa**.

Mánaðarleg sala á fitu- og próteingrunni 2017 og 2016



Fitugrunnur					Próteingrunnur				
Mánuður	2016	2017	mism.	%	Mánuður	2016	2017	mism.	%
Jan-Júlí	79.289.939	82.011.884	2.721.945	3,4%	Jan-Júlí	76.336.911	76.609.201	272.290	0,4%
ágúst	12.647.585				ágúst	11.825.624			
september	12.399.876				september	11.532.867			
október	11.115.984				október	10.666.748			
nóvember	12.814.463				nóvember	11.107.623			
desember	13.342.861				desember	10.312.648			
Ágúst - Des.	62.320.769	64.439.675		Spá m.v. 3,4% út árið	Ágúst-Des	55.445.510	55.667.292		Spá m.v. 0,4% út árið
Jan-Des	141.610.708	146.451.559	4.840.851	3,4%	Jan-Des	131.782.421	132.276.493	494.072	0,4%

Við væntum þess að salan í próteinhlutanum í ár verði 133 millj. lítra ef við gefum okkur að sá markaður vaxi á milli ára um 3% sem er ekki fjarri þróun síðustu ára. Það gæti þýtt sala á þessum efnabætti væri árið 2018 um 138 millj. lítra eða aukning um 4 millj. lítra.

Ef allar þessar spár ganga eftir erum við enn með gap á milli efnabátta sem liggur á bilinu 12 til 14 millj lítra á ársgrunni. Það eitt er rísa viðfangsefni.




Framleiðsla og sala - frh.



Það er alltaf erfitt að spá og margt sem getur haft áhrif á sölupróun mjólkurvara og einnig á framleiðsluna. Hér eru fáein atriði af fjölmörgu sem geta haft áhrif. Hvaða áhrif mun tollasamningurinn við Evrópu-sambandið hafa? Hann mun að öllum líkindum taka gildi frá miðju næsta ári. Hvernig munu aðstæður verða á smásölumarkaði? Hvernig mun gengispróun verða? Mun það hafa veruleg áhrif á afsetningarkostnað próteins. Hvernig mun fara fyrir fyrirhugðum fyrirætlunum Landbúnaðarráðherra varðandi undanþágu mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum? Hvernig verður veðurfar til framleiðslu bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Ég vona að þessar línur skýri þá stöðu sem við erum í og líklega þróun.

Með bestu kveðjum.
Egill Sigurðsson.



Framleiðsla mjólkur 2017 vika 1 - 36

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Í upphafi árs 2017 var framleiðsla mjólkur, á vikugrunni, minni en vikuframleiðsla fyrra árs 2016. Á miðju sumri 2017 fór framleiðsla á vikugrunni yfir framleiðslu sömu viku fyrra árs og hefur haldist yfir allt frá því. Mjólkurframleiðsla 2015, 2016 og það sem af er 2017 kemur fram í yfirliti 1. Af núverandi stöðu innvigtunar og hinna ýmsu áhrifaþátta á hana, má ætla að heildarinnvigtun yfirstandandi árs verði svipuð fyrra ári, eða um 150 millj. ltr.

grunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 16,6 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 9,3 millj. lítrum.

Breyting vegna ríkisstuðla 1. júní 2017


Sala mjólkur á fitu og próteingrunni er umreiknuð með opinberum ríkisstuðlum sem staðfestir eru af Framkvæmdanefnd búvörusamninga hverju sinni. Gildistaka nýrra ríkisstuðla, sem var 1. júní sl. og gert var grein fyrir í síðasta Mjólkurpósti, leiddi m.a. til hækkunar á umreiknaðri sölu mjólkurvara á innanlandsmarkaði, bæði á fitu- og próteingrunni. Þessi hækkun nemur um 2 – 2,5 millj. ltr mjólkur á ársgrunni og skýrir m.a. þá hækkun á 12 mánaða sölu mjólkur sem fram kom í síðasta Mjólkurpósti.

Birgðir mjólkurvara

Í yfirliti 3 sést þróun birgða helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – júlí 2017.

Í yfirlitinu má sjá hvernig birgðir mjólkurvara hafa verið að þróast frá upphafi árs 2016 t.o.m júlí 2017. Birgðastaða mjólkurvara er góð, en þó eru birgðir osta í hærra lagi. Á komandi viku verður framleitt og flutt út prótein í formi undanrennuosts og við það léttir á annarri ostaframleiðslu og munu birgðir 26% og 17% osts nálgast óskastöðu.

Pálmi Vilhjálmsson,
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs







Yfirliti 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2015, 2016 og 2017.

Sala mjólkur og útflutningur

Í yfirliti 2 má sjá innvigtun og ráðstöfun mjólkur í júlí, einnig kemur fram ráðstöfun mjólkur sl. 12 mánuði þ.e. á tímabilinu júní 2016 – júlí 2017. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 132,0 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því aukist 2,95% sl. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 144,3 milljónir lítra. og jókst um 5,53% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili var 148,9 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 16,9 milljónir lítra á próteingrunni og um 4,6 milljónir lítra á fitu-

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	júlí mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	33.460.116	33.191.719	32.535.359	1,91	-2,29	5,11
Innvegin mjólk	12.887.408	40.612.334	148.919.754	3,77	2,26	-1,90
Seldar afurðir	10.841.328	33.698.779	132.052.695	-6,81	-1,48	2,95
Útflutningur	2.966.609	7.788.293	16.675.778	415,67	14,75	-27,49
Birgðir í lok	31.898.157	31.898.157	31.898.157	-1,96	-1,96	-1,96
Mismunur	641.429	418.824	828.483	26,16	166,98	-179,67
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	24.691.812	24.206.705	31.844.804	-23,63	-14,97	52,38
Innvegin mjólk	12.887.408	40.612.334	148.919.754	3,77	2,26	-1,90
Seldar afurðir	11.573.091	36.604.973	144.330.636	-6,78	2,74	5,53
Útflutningur	172.449	2.954.221	9.335.168	-69,14	69,97	61,20
Birgðir í lok	25.775.575	25.775.575	25.775.575	-19,06	-19,06	-19,06
Mismunur	58.105	-515.730	1.323.179	-186,03	-49,85	-177,82

Yfirliti 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. júlí 2017.



Yfirliti 3 Birgðapróun helstu vörflokka janúar 2016 – júlí 2017

Skyr.is breytist í Ísey skyr

Nafninu á Skyr.is hefur nú verið breytt í Ísey skyr og eru flestar bragðtegundir komnar eða á leiðinni í nýju umbúðirnar. Um er að ræða nýtt alþjóðlegt vörumerki og til að hafa samræmi og heildstæða stefnu í markaðs- og vörumerkjavinnu Mjólkursamsölnunnar með íslenska skyrrið er vörumerkið Ísey skyr einnig tekið upp á Íslandi.


Í gegnum aldirnar hefur íslenskt skyr gegnt mikilvægu hlutverki í mataræði Íslendinga. Það voru oft erfiðar aðstæður og erfitt að afla matar en skyr gaf góða orku og næringarefni. Á sveitabæjum um allt land voru það konurnar sem sinnu skyrgerð - þróðu bestu tækin til að framleiða skyr og komu bæði aðferðum og hinum upprunalegu íslensku skyrgerlum áfram - frá móður til dóttur, og til okkar.

Nafnið Ísey heiðrar hlut íslenskrar kvenna í skyrgerðinni og vísar um leið á skemmtilegan hátt til íslensks uppruna skyrs.

Ísey skyr byggir á þessari merkilegu arfleifð en það voru konur sem kenndu mjólkurfræðingum listina að búa til skyr, eins og þær höfðu lært af mæðrum sínum. Próteinríkt, fitulaust, áferðarmjúkt og gómsætt Ísey skyr á jafn mikið erindi við nútímaneytendur og skyrrið fyrr á öldum.

Nánari upplýsingar á www.iseyskyr.is

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri



Góðgerðarfernan í fjórða sinn

Nú í september, fjórða árið í röð, bregður D-vítamínbætt léttmjólk sér tífmabundið í nýjan búning á meðan við söfnum við fyrir tækjum á Landspítala. Af hverri seldri fernu munu 30 kr. renna til tækjakaupa en verðið á mjólkinni er óbreytt.

Til stendur að kaupa tvö tæki. Cusa tækið sem fagfólk kallar yfirleitt „Kusuna“ er notað til skurðaðgerða á líffærum. Kusan er einkum notuð til að nema burtu illkynja mein úr viðkvæmum vefjum eins og lifrin er. Nýtt tæki mun jafnframt skapa möguleika á að gera slíkar aðgerðir með kvíðsjártækni. Enn fremur munum við safna fyrir barkaspeglunartæki sem auðveldar barkaþræðingu hjá mikið slösuðum og veikum sjúklingum sem koma á bráðamóttöku.



Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

Sumarilmur 2017

Verkefnið Sumarilmur sem ýmis fyrirtæki og samtök tengd landbúnaði hruðu af stað í fyrra heldur áfram í ár í samstarfi við ferðaþjónustuna. Tilgangur þess er að víkka sýn á hlutverk landbúnaðar í þjóðlífi og atvinnulífi og skapa skilning á viðtækum tengslum hans við aðrar atvinnugreinar. Margvíslegra upplýsinga var aflað um ýmsar skemmtilegar og fræðandi hliðar greinanna í vor og þær settar í áhugavert samhengi sem almenningur getur tengt við.



Farið var af stað með leik sem stóð frá 7. júlí til 20. ágúst. Á þeim tíma voru skráðar hundruð mynda til leiks á sumarilmur.is og enn er verið að skrá inn myndir þótt leiknum sé formlega lokið. Hvet ég ykkur til þess að skoða myndirnar á www.sumarilmur.is þar sem margar hverjar eru ákaflega skemmtilegar og fallegar. Þá vil ég þakka þeim bændum sem tóku þátt á einn veg eða annan.



Glæsilegir íslenskir landbúnaðar og ferðaþjónustu vinningar voru veittir á Facebook síðu leiksins og á K100 fyrir þátttöku frá MS, SS, Reykjagarði og Kjarnafæði, frá ýmsum ferðaþjónustufyrirtækjum og veitingahúsum víða um land í formi gistingar, margaðra máltíða, skoðunarferða og annarrar afþreyingar.



Með þessu voru svo framleidd vel á þriðja tug ör myndbanda þar sem leikararnir Björk Guðmundsdóttir og Guðmundur Felixson úr leikhópnum Improv Ísland heimsóttu bændur og ferðaþjónustuaðila víða um land. Kynntu þau starfsemi þeirra ásamt því að segja frá áhugaverðum vinklum landbúnaðar og ferðaþjónustu. Þau myndbönd voru birt á samfélagsmiðlum og fengu gott áhorf. Hver færsla og myndband náði til á bilinu 5-40 þúsund manns. Það samsvarar því að í heild hafi Sumarilmur 2017 náð til rúmlega 38% þjóðarinnar á því tímabili sem leikurinn var í gangi.

Það var ákaflega ánægjulegt að sjá jákvæð viðbrögð almennings við þessu verkefni og er þetta dæmi um góða samvinnu í landbúnaðinum þar sem flest allir leggja smá á vogarskálina öllum til heilla.

Sunna Marteinsdóttir,
verkefnastjóri upplýsinga- og fræðslumála